

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 97/2014

2014/EES/73/48

frá 3. febrúar 2014

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 ⁽¹⁾, einkum 8. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gvatemalskur aðili, stofnaður skv. gvatemalskum lögum, Asociación Nacional de Fabricantes de Alcoholes y Licores, sótti um að „Ron de Guatemala“ yrði skráð sem landfræðileg merking í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar. „Ron de Guatemala“ er romm sem hefur er fyrir að framleiða í Guatemala.

2) Meginskilgreiningarnar í tækniskjalinu fyrir „Ron de Guatemala“ voru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*⁽²⁾ í tengslum við andmælaferlið í samræmi við 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 168, 14.6.2012, bls. 9.

3) Í samræmi við 7. mgr. 17. gr. í reglugerð (EB) nr. 110/2008 lögðu Frakkland og nokkrir franskir rommframleiðendur fram andmæli gegn því að „Ron de Guatemala“ yrði skráð sem landfræðileg merking á þeim forsendum að skilgreiningar á vörunni og skilgreiningin á rommi samkvæmt gvatemalskum lögum, sem tækniskjalið vísar til, myndu ekki vera í samræmi við skilgreininguna á rommi í vöruflokki 1 í II. viðauka við þá reglugerð og aðrar kröfur í reglugerðinni, einkum að því er varðar bann við því að nota bragðefni, litgjafa og sætuefni við framleiðslu á rommi, þær reglur um hráefni sem skal notað, gæði vatns sem bætt skal við og upplýsingar um þroskun í lýsingu, kynningu og merkingu vörunnar.

4) Í umsókninni um skráningu á „Ron de Guatemala“ er nákvæm lýsing á vörunni og er hún í samræmi við skilgreininguna á rommi samkvæmt vöruflokki 1 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 og aðrar kröfur samkvæmt þeirri reglugerð. Þessi lýsing sýnir að þær reglur um framleiðslu sem eiga við um „Ron de Guatemala“ eru strangari en þær sem gilda um staðlað romm sem framleitt er í landinu.

5) Umsóknin um að „Ron de Guatemala“ verði skráð sem landfræðileg merking uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008. Framkvæmdastjórnin lítur svo á að samkvæmt skilgreiningunum í tækniskjalinu uppfylli varan viðeigandi kröfur í lögum Sambandsins.

6) Í ljósi þess er að framan greinir er það mat framkvæmdastjórnarinnar að forsendurnar, sem tilgreindar eru í andmælum gegn skráningu landfræðilegu merkingarinnar „Ron de Guatemala“ í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, að því er varðar að skilyrðin sem kveðið er á um í þeirri reglugerð séu ekki uppfyllt, séu órókstuddar.

- 7) Heitið „Ron de Guatemala“ ber að skrá sem landfræðilega merkingu í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 bætist eftirfarandi við í vöruflokki „1. Romm“:

- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.

	„Ron de Guatemala	Gvatemala“
--	-------------------	------------

2. gr.

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
